

## TILSKIPUN RÁÐSINS 93/15/EBE

frá 5. apríl 1993

## um samhæfingu ákvæða um markaðssetningu og eftirlit með sprengiefnum til almennra nota

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 8. gr. a í sáttmálanum skal innri markaðinum komið á eigi síðar en 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Samkvæmt 3. mgr. 100. gr. a í sáttmálanum skulu tillögur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi byggjast á sem mestri vernd.

Forsenda fyrir frjálsum vöruflutningum er að ákveðin grundvallarskilyrði séu uppfyllt. Forsenda fyrir frjálsum flutningum sprengiefna er einkum samhæfing laga um markaðssetningu sprengiefna.

Í hverju landi fyrir sig gilda ítarlegar reglur um sprengiefni til almennra nota, fyrst og fremst með tilliti til öryggis. Í þessum innlendu reglum er einkum kveðið á um það að ekki megi veita markaðsleyfi nema sprengiefnin hafi verið prófuð með fullnægjandi árangri.

Forsendan fyrir samhæfingu ákvæða um markaðssetningu þessara sprengiefna er að mismunandi innlendar reglur verði samhæfðar í því skyni að tryggja frjálssa flutninga á vörunum án þess að slaka á kröfum um hámarksöryggi.

Í þessari tilskipun eru eingöngu skilgreindar þær grunnkröfur sem sprengiefni skulu uppfylla við samræmisprófun. Það er mjög gagnlegt að beita samhæfðum evrópskum stöðlum, meðal annars um aðferðir við prófun sprengiefna, til að sýna fram á að grunnkröfum hafi verið fullnægt. Eins og sakir standa eru engir slíkir staðlar til.

Samhæfðir evrópskir staðlar á þessu sviði eru settir af einkaaðilum og er því hvorki né verður skylt að fara eftir þeim. Staðlasamtök Evrópu (CEN) eru viðurkennd sem annar af tveimur aðilum sem eru til þess bærir að samþykkja samhæfða staðla í samræmi við almennar viðmiðunarreglur um samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og CEN og CENELEC, sem tóku gildi 13. nóvember 1984. Í skilningi þessarar tilskipunar er samhæfður staðall skjal með tækniforskriftum sem CEN hefur samþykkt í umboði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða <sup>(4)</sup> og með hliðsjón af áður nefndum almennum viðmiðunarreglum.

Með ákvörðun ráðsins 90/683/EBE frá 13. desember 1990 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu <sup>(5)</sup> kom ráðið á samhæfðum aðferðum við samræmismat. Með því að beita þessum einingum á sprengiefni er unnt að ákvarða ábyrgðarsvið framleiðenda annars vegar og aðila sem annast samræmismat hins vegar, með hliðsjón af eiginleikum viðkomandi sprengiefna.

Settar hafa verið öryggisreglur í alþjóðlegum samþykktum og samningum um flutninga á sprengiefnum. Á alþjóðavettvangi gilda tilmæli Sameinuðu þjóðanna um flutninga á hættulegum efnum (þar með talið sprengiefnum) og nær gildissvið þeirra út fyrir ramma bandalagsins. Því eru ekki settar reglur um flutninga í þessari tilskipun.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 121, 13. 5. 1992, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 305, 23. 11. 1992, bls. 128 og Stjtið. EB nr. 115, 26. 4. 1993.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 313, 30. 11. 1992, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/230/EBE (Stjtið. EB nr. L 128, 18. 5. 1990, bls. 15).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 13.

Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir vegna flugelda til að tryggja neytendavernd og almannaoöryggi. Samin verður viðbótartilskipun á því sviði.

Við ákvörðun á því hvaða vörur falla undir þessa tilskipun skal nota sömu skilgreiningu og í framangreindum tilmælum.

Tilskipun þessi tekur til einnig til skotfæra en aðeins að því er varðar reglur um eftirlit með tilflutningum og ákvæði þar að lútandi. Þar eð tilflutningur skotfæra og skotvopna er háður sömu skilyrðum er rétt að tilflutningur á skotfærum falli undir sömu ákvæði og gilda um vopn samkvæmt tilskipun ráðsins 91/477/EBE frá 18. júní 1991 um eftirlit með kaupum og vörslu vopna <sup>(1)</sup>.

Einnig verður að vernda heilsu og öryggi þeirra sem vinna við framleiðslu sprengiefna. Verið er að semja viðbótartilskipun sem tekur meðal annars til heilsu og öryggis þeirra sem starfa við framleiðslu, geymslu og notkun sprengiefna.

Þegar ólögleg varsla eða notkun sprengiefna sem falla undir þessa tilskipun telst vera alvarleg ógnun við eða árás á almannaoöryggi er rétt að heimila aðildarríkjunum að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar um tilflutninga, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Það er mjög mikilvægt að koma á kerfi fyrir samstarf á sviði stjórnsýslu. Í því sambandi ber lögbærum yfirvöldum að byggja á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnsýslufirvalda aðildarríkjanna og samstarf aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að tryggja rétta beitingu lagaákvæða um tolla og landbúnað <sup>(2)</sup>.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á vald aðildarríkjanna til að gera ráðstafanir í því skyni að hindra ólöglega verslun með sprengiefni og skotfæri.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 256, 13. 9. 1991.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 144, 2. 6. 1981, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 945/87 (Stjtið. EB nr. L 90, 2. 4. 1987, bls. 4).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

### Almenn ákvæði

#### 1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um sprengiefni eins og þau eru skilgreind í 2. mgr.

2. Með orðinu sprengiefni er átt við efni og vörur sem teljast sprengiefni í tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutninga á hættulegum efnum og falla undir 1. flokk þessara tilmæla.

3. Tilskipun þessi tekur ekki til:

- sprengiefna, þar með talið skotfæra, sem ætlunin er að her eða lögregla noti í samræmi við innlend lög,
- flugelda,
- skotfæra, burtséð frá ákvæðum 10., 11., 12., 13., 17., 18. og 19. gr.

4. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „tilmæli Sameinuðu þjóðanna“: tilmæli sem sérfræðinganevnd Sameinuðu þjóðanna um flutninga á hættulegum efnum hefur samið (Rauðgula bókin) og Sameinuðu þjóðirnar gefið út, í þeirri útgáfu sem í gildi er þegar tilskipunin er samþykkt.
- „öryggi“: aðgerðir til að fyrirbyggja slys og, þegar það er ekki unnt, aðgerðir til að takmarka áhrif þeirra,
- „almannaoöryggi“: aðgerðir til að fyrirbyggja notkun sem brýtur gegn lögum og reglum,
- „vopnaframleiðandi/-sali“: einstaklingur eða lögaðili sem starfar eingöngu eða að hluta til við framleiðslu, viðskipti, skipti, leigu, viðgerðir eða breytingar á skotvopnum og skotfærum,
- „samþykki“: ákvörðun um að leyfa fyrirhugaðan tilflutning á sprengiefnum innan bandalagsins,
- „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi eða heimild til að framleiða, geyma, nota, flytja til eða stunda viðskipti með sprengiefni,
- „markaðssetning“: fyrsta afhending, gegn greiðslu eða ókeypiss, á sprengiefnum sem tilskipun þessi tekur til með það fyrir augum að dreifa þeim og/eða nota þau á markaði bandalagsins.

— „tilflutningur“: öll tilfærsla á sprengiefnunum sjálfum innan yfirráðasvæðis bandalagsins, að undanskilinni tilfærslu innan sömu lóðar.

5. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin skilgreini tiltekin efni, sem falla ekki undir þessa tilskipun, sem sprengiefni samkvæmt innlendum lögum eða reglugerðum.

## II. KAFLI

### Samhæfing laga um sprengiefni

#### 2. gr.

1. Aðildarríkin mega hvorki banna, takmarka né hindra markaðssetningu sprengiefna sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og standast kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sprengiefni sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar séu aðeins sett á markaðinn ef þau uppfylla öll ákvæði þessarar tilskipunar, eru með CE-merkingu sem lýst er í 7. gr. og samræmi þeirra hefur verið metið samkvæmt reglunum sem um getur í II. viðauka.

3. Þegar sprengiefni sem tilskipun þessi tekur til falla undir aðrar tilskipanir sem fjalla um aðra þætti og innihalda ákvæði um CE-merkingu, gefur þessi merking til kynna að framangreindar vörur séu einnig í samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem gilda um þær.

#### 3. gr.

Sprengiefni sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar verða að uppfylla þær grunnkröfur um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka og gilda um þau.

#### 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að sprengiefni sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar og uppfylla viðeigandi landsstaðla, sem samþykktir eru til framkvæmdar samhæfðum stöðlum og vísað er til í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*, séu í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi sem um getur í 3. gr. Aðildarríkin skulu birta vísanir í slíka landsstaðla.

2. Framkvæmdastjórnin gerir nánar grein fyrir vinnu á sviði samhæfðra staðla í skýrslu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu tilskipunar 83/189/EBE, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. þeirrar tilskipunar.

#### 5. gr.

Líti aðildarríki eða framkvæmdastjórnin svo á að samhæfðu staðlarnir sem um getur í 4. gr. standist ekki að öllu leyti grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. skal framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki leggja málið fyrir fastanefndina sem stofnuð var með tilskipun 83/189/EBE og tilgreina ástæðurnar. Nefndin skal skila álitinu án tafar.

Á grundvelli þessa álits tilkynnir framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum um þær ráðstafanir sem gera skal og varða staðlana og birtinguna sem um getur í 4. gr.

#### 6. gr.

1. Til eru eftirfarandi aðferðir við að votta samræmi sprengiefna:

a) EB-gerðarprófun (eining B) sem um getur í 1. lið II. viðauka og, að vali framleiðanda, annaðhvort:

— samræmi við gerðareintak (eining C) sem um getur í 2. lið II. viðauka,

— eða gæðatrygging í framleiðslu (eining D) sem um getur í 3. lið II. viðauka,

— eða gæðatrygging vöru (eining E) sem um getur í 4. lið II. viðauka,

— eða sannprófun vöru (eining F) sem um getur í 5. lið II. viðauka; eða

b) sannprófun eintaka (eining G) sem um getur í 6. lið II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að annast samræmismatið sem um getur hér að framan, þau sérstöku verkefni sem þessum aðilum hafa verið falin og kenninúmerin sem framkvæmdastjórnin hefur úthlutað þeim.

Framkvæmdastjórnin skal birta lista yfir tilkynnta aðila, kenninúmer þeirra og þau verkefni sem þeim hafa verið falin í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að listinn sé í stöðugri endurskoðun.

Aðildarríkin skulu beita þeim lágmarksviðmiðum sem kveðið er á um í III. viðauka við mat á aðilum sem tilkynntir verða til framkvæmdastjórnarinnar. Gert skal ráð fyrir að aðilar sem standast þau matsviðmið sem mælt er fyrir um í viðkomandi samhæfðum stöðlum standist viðeigandi lágmarksviðmið.

Aðildarríki sem tilkynnt hefur um aðila skal draga tilkynninguna til baka telji það að aðilinn standist ekki lengur þau viðmið sem um getur í annarri undirgrein. Það skal þegar í stað tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

### 7. gr.

1. CE-samræmismörkingin skal fest á sýnilegan, auðlæsilegan og óafmáanlegan hátt á sprengiefnin sjálf eða, sé það ekki hægt, á merkiplötu sem fest er við þau eða, sem lokaúrræði þegar ekki er hægt að nota framangreindar aðferðir, á umbúðirnar. Merkiplatan verður að vera þannig gerð að ekki sé hægt að nota hana aftur.

Fyrirmynd að CE-merkingu er sýnd í IV. viðauka.

2. Bannað er að setja á sprengiefni nokkur þau merki eða áletranir sem geta villt um fyrir þriðja aðila varðandi þýðingu og rithátt CE-merkingarinnar. Þó er heimilt að setja önnur merki á sprengiefni að því tilskildu að CE-merkingin verði hvorki minna sýnileg né læsileg fyrir vikið.

3. Með fyrirvara um 8. gr.:

- a) komist aðildarríki að raun um að CE-merking hafi ranglega verið fest á vöru er framleiðandanum, viðurkenndum fulltrúa hans eða þeim sem ber ábyrgð á markaðssetningu vörunnar í bandalaginu skylt að breyta vörunni aftur til samræmis við ákvæðin um merkingar og upp-ræta misferlið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkin setja.
- b) sé vörunni ekki breytt til samræmis við framangreind ákvæði skal aðildarríkið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu um-ræddrar vöru eða sjá til þess að hún sé innkölluð af markaðinum í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

### 8. gr.

1. Komist aðildarríki að raun um að sprengiefni, sem ber CE-samræmismörkingu og er notað eins og til er ætlast, sé ógnun við öryggi skal það gera allar nauðsynlegar bráðabirgðarástafanir til að innkalla sprengiefnið af markaðinum eða banna markaðssetningu eða frjálstan flutning þess.

Aðildarríkið skal þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um þessar ráðstafanir og skýra frá ástæðum fyrir ákvörðun sinni, einkanlega hvort ósamræmið stafi af því að:

- grunnkröfurnar séu ekki uppfylltar,
- stöðlunum sé ekki beitt rétt, eða
- stöðlunum sé ábótavant.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við málsaðila eins fljótt og unnt er. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, að höfðu samráði, að ráðstafanirnar séu réttmæt- ar skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem átti frumkvæðið svo og hinum aðildarríkjunum. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, að höfðu samráði, að ráðstafanirnar séu óréttmæt- ar skal hún þegar í stað tilkynna það aðildarríkinu sem tók ákvörðunina.

Í því sérstaka tilviki að ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. eigi rætur að rekja til þess að stöðlunum sé ábótavant skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við málsað- ilar, leggja málið innan tveggja mánaða fyrir fastanefndina sem stofnuð var með tilskipun 83/189/EBE, ef aðildarríkið sem gerði ráðstafanirnar hyggst halda þeim áfram og hefur málsmeðferðina sem um getur í 5. gr.

3. Ef sprengiefni sem uppfyllir ekki kröfur ber CE-samræmismörkinguna skal hlutaðeigandi aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn þeim sem setti mörkinguna á og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildar- ríkjunum.

## III. KAFLI

### Ákvæði um eftirlit með tilflutningum í banda- laginu

#### 9. gr.

1. Sprengiefni sem falla undir þessa tilskipun má aðeins flytja til í samræmi við ákvæði eftirfarandi málsgreina.

2. Eftirlit samkvæmt lögum bandalagsins eða landslög- um með tilflutningi á sprengiefnum sem falla undir þessa grein skal ekki lengur vera eftirlit við innri landamæri held- ur einungis liður í venjubundnu eftirliti sem fer fram án mismununar á öllu yfirráðasvæði bandalagsins.

3. Viðtakandi verður að fá samþykki lögbærs yfirvalds á viðtökustað fyrir tilflutningi sprengiefna. Lögbæra yfir- valdið skal ganga úr skugga um að viðtakandi hafi heimild að lögum til að afla sprengiefna og nauðsynleg leyfi. Séu sprengiefni flutt um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildar- ríkja skal sá sem ber ábyrgð á tilflutningnum tilkynna það lögbærum yfirvöldum í ríkinu eða ríkjunum sem flutt er um og fá samþykki þeirra.

4. Líti aðildarríki svo á að það sé erfiðleikum bundið að sannprófa réttinn til að afla sprengiefna sem um getur í 3. mgr. skal aðildarríkið senda fyrirbyggjandi upplýsingar um málið til framkvæmdastjórnarinnar sem leggur það tafarlaust fyrir nefndina sem um getur í 12. gr.

5. Samþykki lögbært yfirvald á viðtökustað tilflutning skal það afhenda viðtakanda skjal því til staðfestingar með öllum þeim upplýsingum sem um getur í 7. mgr. Skjalið verður að fylgja sprengiefnunum alla leið á ákvörðunarstað. Skjalið skal sýnt hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum að beiðni þeirra. Viðtakandi skal halda eftir afriti af skjalinu og afhenda það lögbæru yfirvaldi á viðtökustað að beiðni þess.

6. Líti lögbært yfirvald í aðildarríki svo á að sérstakar kröfur um almannaoöryggi, eins og um getur í 5. mgr., séu óþarfar má flytja sprengiefni til á yfirráðasvæði þess eða hluta þess án þess að áður hafi verið aflað upplýsinga í skilningi 7. mgr. Lögbæra yfirvaldið á viðtökustaðnum skal síðan veita samþykki til ákveðins tíma sem fresta má eða draga til baka hvenær sem er með rökstuddri ákvörðun. Skjalið sem um getur í 5. mgr. og fylgja verður sprengiefnunum þar til þau koma á ákvörðunarstað skal aðeins vísa í framangreint samþykki.

7. Þegar fylgjast þarf sérstaklega með tilflutningi sprengiefna til að fullnægja sérstökum kröfum um almannaoöryggi á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess skal viðtakandi veita lögbæra yfirvaldinu á viðtökustað eftirfarandi upplýsingar áður en tilflutningur fer fram:

- nöfn og heimilisföng viðkomandi rekstraraðila; þessar upplýsingar verða að vera nógu nákvæmar til að hægt sé að ná sambandi við rekstraraðilana og fá það staðfest að umræddir einstaklingar hafi heimild að lögum til að taka við sendingunni,
- fjöldi og magn sprengiefna sem flutt eru til,
- fullkomin lýsing á umræddu sprengiefni og hvernig bera má kennsl á það, þar með talin kenninúmer Sameinuðu þjóðanna,
- ef um markaðssetningu er að ræða, upplýsingar um að skilyrði fyrir markaðssetningu hafi verið uppfyllt,
- tilflutningsmáti og tilflutningsleið,
- ráðgerðir sendingar- og komudagar,
- ef þörf krefur skal tiltaka nákvæmlega landamærastaðina þar sem vörurnar fara inn í og út úr aðildarríkjunum.

Lögbær yfirvöld á viðtökustað skulu kanna með hvaða skilyrðum tilflutningur má eiga sér stað, einkum að því er varðar sérstakar kröfur um almannaoöryggi. Hafi þessum sérstöku kröfum um almannaoöryggi verið fullnægt skal veita samþykki fyrir tilflutningnum. Sé um að ræða flutning um yfirráðasvæði annarra aðildarríkja skulu þau ríki einnig kanna upplýsingarnar um tilflutninginn og samþykkja hann.

8. Með fyrirvara um venjubundið eftirlit sem sendingar- aðildarríkið lætur fara fram á yfirráðasvæði sínu að beiðni viðkomandi lögbærra yfirvalda skulu hlutaðeigandi viðtakendur og rekstraraðilar senda yfirvöldum í sendingaraðildarríkinu og ríkinu sem flutt er um allar viðeigandi upplýsingar sem þeir hafa undir höndum um tilflutninga á sprengiefnum.

9. Enginn birgir má flytja sprengiefni til nema viðtakandi hafi fengið nauðsynlegar heimildir fyrir tilflutningi í samræmi við ákvæði 3., 5., 6. og 7. mgr.

*10. gr.*

1. Einungis er heimilt að flytja skotfæri frá einu aðildarríki til annars í samræmi við ákvæði eftirfarandi málsgreina. Þessi ákvæði skulu einnig gilda um tilflutning á skotfærum í tengslum við póstverslun.

2. Þegar flytja á skotfæri til annars aðildarríkis skal viðkomandi, fyrir sendingu, tilkynna aðildarríkinu þar sem skotfærin eru staðsett um:

- nöfn og heimilisföng seljanda eða þess sem sér um tilflutning skotfæranna, kaupanda eða viðtakanda skotfæranna og, eftir því sem við á, eiganda þeirra,
- ákvörðunarstaðinn fyrir sendingu eða flutning skotfæranna,
- fjölda skotfæra í viðkomandi sendingu eða flutningi,
- nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á skotfærin, ásamt staðfestingu á að skotfærin hafi verið skoðuð í samræmi við samninginn frá 1. júlí 1969 um gagnkvæma viðurkenningu á merkingum handvopna,
- tilflutningsmáta,
- brottfarardag og áætlaðan komudag.

Ekki þarf að veita upplýsingarnar sem um getur í tveimur síðustu undirliðum þegar um er að ræða tilflutning milli vopnaframleiðanda/vopnasala. Aðildarríkið skal kanna skilyrðin við tilflutning, einkum að því er varðar almannaoöryggi. Heimili aðildarríkið tilflutning skal það gefa út leyfi sem inniheldur allar upplýsingarnar sem um getur í

fyrsta undirlið. Leyfið skal fylgja skotfærunum á ákvörðunarstað; það skal sýnt lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að beiðni þeirra.

3. Hvert aðildarríki getur veitt vopnaframleiðendum/vopnasölum réttindi til að flytja skotfæri frá yfirráðasvæði sínu til vopnaframleiðanda/vopnasala sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki, án þess að heimildin sem um getur í 2. mgr. liggi fyrir. Með það fyrir augum skal aðildarríkið gefa út heimild sem gildir í þrjú ár og hægt er að fresta eða afturkalla fyrirvaralaust með rökstuddri ákvörðun. Skjal sem vísar í þessa heimild verður að fylgja skotfærunum á ákvörðunarstað; skjalið skal sýnt lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna að beiðni þeirra.

Fyrir tilflutning skal vopnaframleiðandinn/vopnasalinn veita yfirvöldunum í aðildarríkinu sem flutt er frá allar upplýsingarnar sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein 2. mgr.

4. Hvert aðildarríki skal afhenda hinum aðildarríkjunum skrá yfir þær gerðir skotfæra sem flytja má til yfirráðasvæðis þess án þess að fá leyfi þess.

Skrár þessar skulu sendar vopnaframleiðendum/vopnasölum sem hafa fengið samþykki fyrir flutningi skotfæra án þess að fá fyrst heimild samkvæmt málsmeðferðinni í 3. mgr.

5. Hvert aðildarríki skal senda allar gagnlegar upplýsingar, sem það hefur um lokatilflutning skotfæra, til aðildarríkisins sem þau eru flutt til.

Allar upplýsingar sem aðildarríkin fá við málsmeðferð samkvæmt þessari grein skulu sendar viðtökuaðildarríkinu eigi síðar en viðkomandi tilflutningur fer fram, og eftir því sem við á, aðildarríkjunum sem flutt er um, eigi síðar en tilflutningur hefst.

#### 11. gr.

Þegar um er að ræða alvarlega ógnun við eða árás á almannaöryggi sem stafar af ólöglegri vörslu eða notkun sprengiefna eða skotfæra sem tilskipun þessi tekur til getur aðildarríki, þrátt fyrir ákvæði 3., 5., 6. og 7. mgr. 9. gr. og 10. gr., gert allar nauðsynlegar ráðstafanir er varða tilflutning sprengiefna eða skotfæra til að koma í veg fyrir þessa ólöglegu vörslu eða notkun.

Við gerð þessara ráðstafana skal virða hlutfallsregluna. Þær mega hvorki fela í sér gerræðislega mismunun né dulin höft í viðskiptum milli aðildarríkjanna.

Aðildarríki sem samþykkir slíkar ráðstafanir skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þær hinum aðildarríkjunum.

#### IV. KAFLI

#### Önnur ákvæði

#### 12. gr.

1. Aðildarríkin skulu koma upp kerfi fyrir upplýsingaskipti með tilliti til framkvæmdar ákvæða 9. og 10. gr. Þau skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þau innlendu yfirvöld sem bera ábyrgð á sendingu og móttöku upplýsinga og beitingu málsmeðferðar sem um getur í 9. og 10. gr.

2. Að því er varðar framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum ákvæðin um trúnaðarmál, gilda ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1468/81 að breyttu breytanda.

#### 13. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Nefndin skal rannsaka öll mál er varða beitingu þessarar tilskipunar og formaðurinn vísar til hennar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um þrjú mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í annarri undirgrein.

3. Einkum skal fylgja málsmeðferðinni í 2. mgr. til að taka mið af breytingum sem síðar kunna að verða á tilmælum Sameinuðu þjóðanna.

## 14. gr.

Aðildarríkin skulu jafnan hafa réttar upplýsingar handbærar fyrir hin aðildarríkin og framkvæmdastjórnina um þá rekstraraðila sem eru handhafar leyfanna eða heimildanna um getur í 4. mgr. 1. gr.

Aðildarríkin skulu ganga úr skugga um að þessir rekstraraðilar hafi komið sér upp skráningarkerfi þannig að unnt sé að fylgjast með því hverjir hafi sprengiefnin í vörslu sinni. Samþykkja skal í samræmi við nefndarmeðferðina sem kveðið er á um í 13. gr. hvernig ákvæði þessarar málsgreinar skuli framkvæmd.

Rekstraraðilarnir skulu færa nauðsynlegar skrár yfir viðskipti sín til að fullnægja kröfum þessarar greinar.

Skjölín sem um getur í þessari grein verður að geyma í minnst þrjú ár eftir lok almanaksársins þegar hin skráðu viðskipti fóru fram, jafnvel þótt rekstraraðilinn hafi hætt rekstrinum. Þau verða ætíð að vera tiltæk til skoðunar að beiðni lögbærra yfirvalda.

## 15. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sprengiefni séu merkt á réttan hátt.

## 16. gr.

Þegar aðildarríki veitir leyfi til framleiðslu sprengiefna skal það einkum kanna hvort þeir sem eru ábyrgir séu færir um að fullnægja þeim tæknilegu skuldbindingum sem þeir takast á hendur.

## V. KAFLI

**Lokaákvæði**

## 17. gr.

Hvert aðildarríki skal ákveða viðurlög við brotum á ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun. Viðurlögin skulu vera nægilega ströng til að þau hvetji menn til að virða ákvæðin.

## 18. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja, innan ramma löggjafar sinnar, nauðsynlegar ráðstafanir til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að leggja hald á allar vörur sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar ef nægilegar sannanir eru fyrir því að vörunnar verði aflað eða hún notuð eða seld á ólöglegan hátt.

## 19. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að ákvæðum 9., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. fyrir 30. september 1993.

2. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög þau og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að öðrum ákvæðum en nefnd eru í 1. mgr. fyrir 30. júní 1994.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin sem um getur í 1. og 2. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Þó skulu aðildarríkin leyfa, til 31. desember 2002, markaðssetningu sprengiefna sem eru í samræmi við þau innlendu lög sem eru í gildi á yfirráðasvæðum þeirra fyrir 31. desember 1994.

5. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

## 20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 5. apríl 1993.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. TRØBORG

*forseti.*

## I. VIDAUKI

## GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI

## I. Almennar kröfur

1. Sprengiefni verður að hanna, framleiða og afhenda á þann hátt að lífi og heilsu manna stafi sem minnst hætta af og komist verði hjá tjóni á eignum og umhverfi við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður, einkum að því er varðar öryggisreglur og viðteknar venjur og einnig áður en sprengiefnið er notað.
2. Sprengiefni verður að hafa þá afkastagetu sem framleiðandi tilgreinir til tryggingar hámarksöryggis og áreiðanleika þess.
3. Sprengiefni verður að hanna og framleiða á þann hátt að hægt sé að farga því með viðeigandi tækni þannig að það hafi sem minnst áhrif á umhverfið.

## II Sérstakar kröfur

1. Eftir því sem við á verður að minnsta kosti að taka tillit til eftirfarandi upplýsinga og eiginleika. Allt sprengiefni verður að prófa við raunverulegar aðstæður. Sé það ekki unnt á rannsóknarstofu verður að framkvæma prófanir við þau skilyrði sem sprengiefnið skal notað við.
  - a) Bygging og einkennandi eiginleikar, þar með talið efnasamsetning, blöndunarstig og, eftir því sem við á, stærð og dreifing kornastærðar.
  - b) Eðlis- og efnafræðilegur stöðugleiki sprengiefnisins við öll umhverfisskilyrði sem geta haft áhrif á það.
  - c) Næmi fyrir höggum og núningi.
  - d) Samrýmanleiki allra íhluta að því er varðar eðlis- og efnafræðilegan stöðugleika.
  - e) Efnafræðilegur hreinleiki sprengiefnisins.
  - f) Hve vel sprengiefnið þolir vatn ef nota á sprengiefnið í raka eða bleytu og vatn getur dregið úr öryggi og áreiðanleika þess.
  - g) Hve vel sprengiefnið þolir lágt og hátt hitastig ef geyma á sprengiefnið eða nota við slík skilyrði og áhrif kælingar og hitunar á einstaka íhluta eða sprengiefnið allt geta dregið úr öryggi og áreiðanleika þess.
  - h) Hve vel sprengiefnið hentar til notkunar við hættulegar aðstæður (t.d. þar sem hætta er á eldfimum lofttegundum, heitum massa o.s.frv.) ef nota á sprengiefnið við þær aðstæður.
  - i) Öryggisráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir ótímabæra ræsingu eða íkveikju af slysi.
  - j) Rétt hleðsla og virkni sprengiefnisins þegar það er notað eins og til er ætlast.
  - k) Viðeigandi leiðbeiningar og, ef þörf krefur, merkingar er varða örugga meðhöndlun, geymslu, notkun og förgun, á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuaðildarríkisins.
  - l) Sá eiginleiki sprengiefnisins, umbúða þess eða annarra íhluta að skemmast ekki við geymslu fyrir „síðasta notkunardaginn“ sem framleiðandi tilgreinir.
  - m) Skrá yfir allan búnað og fylgihluta sem þörf er á til að sprengiefnið virki á áreiðanlegan og öruggan hátt.
2. Hinir ýmsu flokkar sprengiefna verða einnig að standast eftirfarandi kröfur að minnsta kosti:
  - A. *Sprengiefni*
    - a) Fyrirhuguð aðferð við að ræsingu verður að tryggja að sprengiefnið sundrist eða brenni til fulls af áreiðanleika og öryggi. Sé um svart púður að ræða skal kanna hversu auðveldlega það brennur.

- b) Þegar sprengiefni eru í hulsurum verður sundrunin að flytjast á öruggan og áreiðanlegan hátt í gegnum alla hulsuruna.
  - c) Lofttegundir frá sprengiefnum sem ætluð eru til nota neðanjarðar mega aðeins innihalda kolmónoxíð, köfnunarefnislofttegundir, aðrar lofttegundir, gufur eða leifar fastra efna sem berast um loftið, í því magni að það sé ekki heilsuspillandi við venjulegar notkunaraðstæður.
- B. *Sprengi-, öryggis- og kveikiþræðir ásamt forspregjum*
- a) Efnið utan um sprengi-, öryggis- og kveikiþræðina verður að vera nógu sterkt og verja sprengiefnið nægilega við eðlilegt álag.
  - b) Tilgreina skal færðbreytur fyrir brennslutíma öryggisþræða og fylgja þeim nákvæmlega.
  - c) Sprengiþræðina verður að vera hægt að ræsa á áreiðanlegan hátt, þeir verða að hafa nægilega ræsigeitu og standast kröfur um geymsluþol, jafnvel við sérstök loftslagsskilyrði.
- C. *Hvellhettur (þar með talið tímahvellhettur) og tengihlutar*
- a) Hvellhettur verða að ræsa sundrun sprengiefnisins, sem nota á með þeim, á áreiðanlegan hátt við öll fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.
  - b) Tengihlutana verður að vera hægt að ræsa á áreiðanlegan hátt.
  - c) Raki má ekki geta dregið úr ræsigeitunni.
  - d) Seinkunartími tímahvellhettna verður að vera nógu jafn til að tryggja að líkur á tímaskörun samliggjandi seinkana séu óverulegar.
  - e) Tilgreina skal rafeiginleika rafmagnshvellhettna á umbúðunum (t.d. straumþröskuld innan öryggismarka, viðnám o.s.frv.)
  - f) Leiðslurnar í rafmagnshvellhettunum verða að vera nógu vel einangraðar og sterkar, með því er einnig átt við hversu traustar tengingarnar við hvellhettuna eru, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar þeirra.
- D. *Drifefni og eldflaugaeldsneyti*
- a) Þessi efni mega ekki sundrast ef þau eru notuð á fyrirhugaðan hátt.
  - b) Drifefni (t.d. þau sem eru að stofni til nítrósellulósi) verður að verja gegn niðurbroti ef þörf krefur.
  - c) Þegar eldflaugaeldsneyti í föstu formi er samþjappað eða steipt má það ekki innihalda aukarífur eða loftbólur sem hafa hættuleg áhrif á virkni þeirra.
-

## II. VIÐAUKI

## 1. EINING B: EB-gerðarprófun

1. Í þessari einingu er lýst þeim hluta af aðferðinni sem tilkynntur aðili beitir til að ganga úr skugga um og votta að eintak sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu uppfylli viðkomandi ákvæði tilskipunarinnar.
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila eftir vali framleiðandans.

Umsóknin skal innihalda:

- nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,
- skriflega yfirlýsingu um að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl eins og lýst er í 3. lið.

Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir hinn tilkynnta aðila eintak sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér eftir nefnt „gerðareintak“. Hinn tilkynnti aðili getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi vöru við kröfur tilskipunarinnar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar og enn fremur sýna:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, lögnum o.fl.,
- lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig tækið vinnur,
- skrá yfir staðla sem um getur í 4. gr. og beitt er að fullu eða að hluta, og lýsingu á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að, fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
- niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

4. Hinn tilkynnti aðili skal:

- 4.1. rannsaka tækniskjölin, sannprófa að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við þau og ganga úr skugga um hvaða hlutar hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 4. gr. svo og hvaða íhlutar hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla;
- 4.2. þegar stöðlunum sem um getur í 4. gr. hefur ekki verið beitt, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla grunnkröfur tilskipunarinnar;
- 4.3. þegar framleiðandinn hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þeim hefur í raun verið beitt;
- 4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.

5. Uppfylli gerðareintakið viðkomandi ákvæði þessarar tilskipunar skal hinn tilkynnti aðili gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.

Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá hinum tilkynnta aðila.

Ef framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu er neitað um gerðarvottorð skal hinn tilkynnti aðili gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir neituninni.

Kveðið skal á um áfryjunarreglur.

6. Umsækjandinn skal upplýsa hinn tilkynnta aðila, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á hinni samþykktu vöru sem þarfnast viðbótarsamþykkis þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.
7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð sem gefin hafa verið út eða afturkölluð og viðbætur við þau.
8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukamir við vottorðin skulu vera tiltæk öðrum tilkynntum aðilum.
9. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skulu geyma, auk tækniskjala, afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðbótum við það í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.

## 2. EINING C: Samræmi við gerð

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi sprengiefni séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem við þau eiga. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á öll sprengiefni og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að framleiddar vörur séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og í samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar um öryggi.
3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.

4. Tilkynntur aðili sem framleiðandinn velur skal kanna eða láta kanna vöruna af og til. Fullnægjandi sýni af fullunninni vöru sem hinn tilkynnti aðili tekur á staðnum skulu athuguð og viðeigandi prófanir, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi staðli/stöðlum sem um getur í 4. gr., eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til að kanna samræmi framleiðslunnar við kröfur viðkomandi tilskipunar. Ef prófað vörueintak er ekki í samræmi við kröfurnar skal hinn tilkynnti aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

Tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á því að framleiðandinn setji einkennismerki hans á vöruna í framleiðsluferlinu.

## 3. EINING D: Gæðatrygging í framleiðslu

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi sprengiefni sé í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi kröfum þessarar tilskipunar. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á öll sprengiefni og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja einkennismerki þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirlitinu sem um getur í 4. lið.

2. Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokaeftirlit og prófun á fullunninni vöru eins og tilgreint er í 3. lið og vera háður eftirliti eins og um getur í 4. lið.

### 3. Gæðakerfi

- 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi sprengiefna hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

- allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan flokk sprengiefna,
- upplýsingar um gæðakerfið,
- tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að viðkomandi sprengiefni séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og þær kröfur þessarar tilskipunarinnar sem við þau eiga.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða sprengiefnanna,
- aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- hvernig fylgst er með því að tilskilin vörugæði hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

- 3.3. Hinn tilkynnti aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefnum skal vera matsheimsókn á framleiðslustað.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

- 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Hinn tilkynnti aðili skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

4. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*
  - 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðakerfi leggur honum á herðar.
  - 4.2. Framleiðandinn skal veita hinum tilkynnta aðila aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit, prófun og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
    - gögn um gæðakerfið,
    - gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
  - 4.3. Hinn tilkynnti aðili skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum eftirlitsskýrslu.
  - 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
  5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt geyma tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:
    - skjal það sem um getur í öðrum undirlit liðar 3.1,
    - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
    - þær ákvarðanir og skýrslur frá hinum tilkynnta aðila sem um getur í lokamálsgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.
  6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem veitt hafa verið eða afturkölluð.

#### 4. EINING E: Gæðatrygging vöru

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi sprengiefni séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á öll sprengiefni og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja einkennismerki þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti eins og um getur í 4. lið.
2. Framleiðandinn notar viðurkennt gæðakerfi við lokaeftirlit og prófun sprengiefna eins og kveðið er á um í 3. lið. Hann skal vera háður eftirliti því sem um getur í 4. lið.
3. *Gæðakerfi*
  - 3.1 Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi sprengiefna hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

    - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan flokk sprengiefna,
    - gögn um gæðakerfið,
    - tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
  - 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu eru öll sprengiefni athuguð og gerðar þær prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum, sbr. 4. gr. eða samsvarandi prófanir til að tryggja að varan samrýmist þeim kröfum í tilskipuninni sem við eiga. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða eftir framleiðslu,
- hvernig fylgst er með því að gæðakerfið sé skilvirkt,
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

3.3. Hinn tilkynnti aðili skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2.

Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á. Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera matsheimsókn á framleiðslustað.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Hinn tilkynnti aðili skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

4. *Eftirlit á ábyrgð hins tilkynnta aðila.*

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykkt gæðakerfi leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita hinum tilkynnta aðila aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit, prófun og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

4.3. Hinn tilkynnti aðili skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum eftirlitsskýrslu.

4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.

5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að sprengiefnið hefur síðast verið framleitt geyma tiltækt fyrir yfirvöld í landinu:

- skjal það sem um getur í þriðja undirlið liðar 3.1,
- gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá hinum tilkynnta aðila sem um getur í lokamálsgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem veitt hafa verið eða afturkölluð.

**5. EINING F: Sannprófun vöru**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu prófar og vottar að sprengiefni sem falla undir ákvæði 3. atriðis séu í samræmi við gerðareintak sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem við þau eiga.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggji að framleidd sprengiefni séu í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við þær kröfur tilskipunarinnar sem við þau eiga. Hann skal setja CE-merkið á öll sprengiefni og gefa samræmisfirlýsingu.
3. Hinn tilkynnti aðili skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að athuga samræmi sprengiefnis við viðkomandi kröfur tilskipunarinnar með því að athuga og prófa öll sprengiefni eins og tilgreint er í 4. lið.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að sprengiefnið hefur síðast verið framleitt.

**4. Sannprófun með athugun og prófun á öllum sprengiefnum**

- 4.1. Öll sprengiefni skulu sérstaklega athuguð og prófanir sem við eiga eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 4. gr. eða jafngildar prófanir skulu gerðar til að sannreyna samræmi vörunnar við viðkomandi gerðareintak og kröfur tilskipunarinnar.
- 4.2. Hinn tilkynnti aðili skal setja eða láta setja einkennismerki sitt á öll samþykkt sprengiefni og útbúa skriflegt samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem gerðar hafa verið.
- 4.3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal sjá til þess að hann geti útvegað samræmisvottorð hins tilkynnta aðila ef óskað er.

**6. EINING G: Sannprófun eintaka**

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi sprengiefni sem hafa fengið vottorð eins og um getur í 2. atriði fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem við þau eiga. Framleiðandinn skal setja CE-merkið á hvert vörueintak og gefa samræmisfirlýsingu.
2. Hinn tilkynnti aðili skal athuga sprengiefnið og gera viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í tilheyrandi staðli/stöðlum sem um getur í 4. gr., eða jafngildar prófanir, til að tryggja samræmi við þær kröfur tilskipunarinnar sem við eiga.

Hinn tilkynnti aðili skal setja eða láta setja einkennismerki sitt á öll samþykkt sprengiefni og útbúa samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem gerðar hafa verið.

3. Markmið tækniskjalanna er að gera kleift að meta samræmi við kröfur tilskipunarinnar og skilja hönnun, framleiðslu og notkun sprengiefnisins.

Til dæmis skulu þau innihalda, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir matið:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, lögnum o.fl.,
- lýsingar og útskýringar sem nauðsynlegar eru til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig sprengiefnið eða öryggiskerfið vinnur,
- skrá yfir staðla sem um getur í 4. gr. og beitt er að fullu eða að hluta, og lýsingu á þeim lausnum sem valdar hafa verið til að, fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
- niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

## III. VIÐAUKI

LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKIN ÞURFA AÐ TAKA TILLIT TIL ÞEGAR AÐILAR ERU  
TILKYNNTIR

1. Aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn sem annast sannprófanir mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar eða notendur sprengiefnisins sem þeir skoða, né heldur viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi sprengiefnanna. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og skoðunaraðilans.
2. Skoðunaraðilinn og starfsmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvæðni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.
3. Skoðunaraðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem nauðsynlegur er til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyrta til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
  - trausta tækni- og fagmenntun,
  - viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
  - kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.
7. Starfsmenn stofnunarinnar skulu bundnir þagnarskyldu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa tilskipun eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum um framkvæmd hennar.

*IV. VIÐAUKI***SAMRÆMISMERKING**

CE-samræmismarkingin er upphafsstafirnir CE eins og á myndinni hér fyrir neðan:

Þótt merkingin sé smækkuð eða stækkuð verður að halda sömu hlutföllum og í kvörðuðu myndinni hér að ofan.

---